

## **1. fundur stjórnar AP**, starfsárið 2011-2012

haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík 13. september 2011 kl.15:00

Mætt: Aðalsteinn Á. Baldursson, Margrét Bjarnadóttir, Pétur Snæbjörnsson, Sigurgeir Höskuldsson og Gunnólfur Lárusson sem varamaður í stað Björns Víkings Björnssonar. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

Aldursforseti, Margrét Bjarnadóttir setti fund og bauð nýja stjórn velkomna til starfa.

### **1. Verkaskipting stjórnar**

Fyrsta mál fundarins var verkaskipting stjórnar og óskaði Margrét eftir tillögum þar að lútandi.

Aðalsteinn Á. Baldursson bar upp tillögu um Sigurgeir Höskuldsson sem formann, Margréti Bjarnadóttur sem varaformann og Pétur Snæbjörnsson sem ritara.

Ekki komu fleiri tillögur fram og var tillagan samþykkt samhljóða.

### **2. Átta mánaða rekstraryfirlit og áætluð árslokastaða**

Framkvæmdastjóri lagði fram átta mánaða rekstraryfirlit ásamt áætlaðri árslokastöðu. Ákveðin óvissa er um tiltekna verkefnatekjur en gangi þeir samningar eftir sem nú er unnið að er gert ráð fyrir rekstrarafgangur ársins geti orðið 2,5 mkr. Gjaldaliðir eru að mestu í samræmi við upphaflega áætlun ef frá eru talin frávik á launalið vegna nýrra kjarasamninga sem tóku gildi á miðju ári, meiri kostnaðar við rekstur tölvukerfa vegna seinkunar á uppfærslu á heimasíðum og aðkeyptar sérfræðivinnu vegna stefnumótunar sem ekki var gjaldfærð á fyrra ári og færast því á yfirstandandi rekstrarár.

Stjórn samþykkir framlagða áætlun til breytinga á rekstraráætlun ársins.

### **3. Staða vaxtarsamnings**

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu mála varðandi lokaúttekt á vaxtarsamningi 2008-2010, en iðnaðarráðuneytið fól Bygðastofnun að gera þá úttekt á þeim þremur samningum sem í gildi voru á Norðurlandi til síðustu áramóta. Þeirri úttekt er nú lokið og standa vonir til að unnt verði að ljúka gerð nýs samnings í framhaldinu.

Stjórnin leggur áherslu á að gerð nýs samnings verði lokið sem fyrst þannig að unnt verði að auglýsa eftir verkefnum til þátttöku fyrir áramót. Jafnframt samþykkt að yfirfara á næsta fundi stöðu þeirra verkefna sem hlotið hafa stuðning.

### **4. Innleiðing stefnumótunar – staða mála**

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu þeirra verkefna sem ákveðið var að taka fyrir á árinu við innleiðingu stefnumótunar félagsins.

- ✓ Þriggja manna vinnuhópur (Hilmar Dúi Björgvinsson, Hlífkar Karlsson, Pétur Snæbjörnsson) hefur unnið að undirbúningi stofnunar samtaka atvinnurekenda á

Norðausturlandi með framkvæmdastjóra. Unnin hefur verið tillaga að samþykktum og tilkynning send til fyrirtækja í sumar þar sem málið var kynnt og að boðað yrði til stofnfundar nú í september.

- ✓ Skilgreiningu á grunnstarfsemi félagsins sem byggir á samþykktum þess og samningum við Byggðastofnun og sveitarfélögin á starfssvæðinu verður lokið nú í september.
- ✓ Sett hefur verið upp heimsóknáttal um starfssvæðið sem kemur til framkvæmda frá og með október.
- ✓ Uppfærsla og breytingar á heimasíðu félagsins hafa tafist vegna anna hjá vefhönnuðum við önnur verkefni. Tilboð í verkið voru að berast í hús og standa væntingar til þess að verkið hefjist á næstu vikum.
- ✓ Í framhaldi af uppfærslu atvinnuáætlunar verður fundað með Þekkingarneti Pingeyinga um samstarf varðandi eflingu gagnagrunns um atvinnulífið á svæðinu.
- ✓ Unnið er að gerð samnings við Landsvirkjun og iðnaðarráðuneytisins um að félagið taki að sér svokallaða innviðagreiningu á svæðinu á grundvelli viljayfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og fjögurra sveitarfélaga á svæðinu um uppbyggingu orkufreks iðnaðar. Efni greiningarinnar verður síðan, m.a. í samstarfi við fjárfestingarsvið Íslandsstofu, nýtt til kynningar á svæðinu.
- ✓ Til að auka gagnsæi í starfsemi félagsins verður við áætlanagerð fyrir 2012 lögð áhersla á að tengja betur saman en verið hefur starfsáætlun og rekstraráætlun.
- ✓ Verið er að útfæra ábyrgðaryfirlýsingar sem skilgreina heimildir starfsmanna til fjárhagsskuldbindinga á hendur félaginu.

## 5. Önnur mál

- a) Rætt um áhersluatriði í viðmiðunarreglum sem stjórn hyggst setja sér um ráðstöfun eftirstöðva fjármuna Kísilgúrsjóðs sem félagið yfirtók á sínum tíma.
- b) Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir endurnýjaðri verkefnistjórn sem skipuð var á grundvelli viljayfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og sveitarfélaganna Norðurþings, Skútustaðahrepps, Tjörneshrepps og Pingeyjarsveitar. Stjórn staðfestir áframhaldandi setu framkvæmdastjóra í verkefnisstjórninni f.h. félagsins.
- c) Rætt um erlendar og innlendar fjárfestingar og forsendur þeirra, m.a. útfrá hugmyndum Huang Nubo um uppbyggingu á svæðinu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:15